

lagabrot, en þótt gætin og reglusamur bifreiðarstjóri allt til þessa, þykir refsing hans hæfilega ákveðin 200 króna sekt í ríkissjóð, er afplánist með 15 daga einföldu fangelsi, sé hún eigi greidd innan 6 vikna frá lögbirtingu dóms þessa. Hann skal og sviftur leyfi til að stjórna bifreið í 8 mánuði frá 17. marz 1935 að telja.

Kærði, Garðar Hansen, sem kominn er yfir lögaldur sakamanna og hefir ekki áður sætt kæru eða dómi fyrir nokkurt lagabrot, hefir með framangreindu framferði sínu, að réttarins áliti gerzt brotlegur gegn 6. gr., sbr. 30. gr. og 3. mgr. 21. gr., sbr. 39. gr. framangreindra áfengislaga, og þykir refsing sú, er hann hefir unnið til hæfilega ákveðin 500 króna sekt í ríkissjóð, er afplánist með 25 daga einföldu fangelsi sé hún ekki greidd innan 6 vikna frá lögbirtingu dóms þessa.

Samkvæmt 7. grein greindra áfengislaga skal framangreint bruggunartæki upptækt og eyðilagt.

Kærði, Haraldur Albertsson, greiði kostnað af gæzluvarðhaldsvist sinni, en báðir hinir kærðu greiði in solidum allan annan löglega leiddan og leiðandi kostnað af máli þessu.

Á máli þessu hefir enginn óþarfur dráttur orðið.

Miðvikudaginn 18. dez. 1935.

**Nr. 79/1935. Bæjarstjórn Siglufjarðarkaupstaðar
f. h. bæjarsjóðs**

(Einar B. Guðmundsson)

gegn

H/f Kveldúlfi (Jón Ásbjörnsson).

Útsvarsmál.

Úrskurður fógetaréttar Reykjavíkur 24. apríl 1935: Hið umbeðna lögtak skal ekki ná fram að ganga.

Dómur hæstaréttar.

Áfrýjandi krefst þess, að hinn áfrýjaði fógetaréttarúrskurður verði úr gildi felldur og að lagt

verði fyrir fógetann að framkvæma hið umbeðna lögtak, svo og að hið stefnda hlutafélag verði dæmt til greiðslu málskostnaðar eftir mati dómsins. Af hálfu stefnda hefir verið krafizt staðfestingar á hinum áfrýjaða úrskurði og málskostnaðar fyrir hæstarétti eftir mati dómsins.

Útsvar það, er í máli þessu greinir, var lagt á við aðalniðurjöfnun 1933 og því miðað við starfsemi, tekjur og eignir stefnda á Siglufirði árið 1932. Hlutafélagið Kveldúlfur hafði samskonar starfsemi á Siglufirði bæði þessi ár, og var því rétt að miða við samband þess við kaupstaðinn árið 1932, sbr. 2. mgr. 8. gr. sbr. við niðurlag 1. gr. laga nr. 46/1926. En árið 1932 keypti hlutafélagið fisk á Siglufirði og átti þar fasteign, sem það notaði þó ekki, nema að einhverju mjög litlu leyti í sambandi við fiskkaupin, heldur seldi hana á leigu fyrir ákveðið leigugjald, kr. 12000.00, og virðist leigugjald þetta hafa verið aðalarðurinn af sambandi félagsins við kaupstaðinn. Félaginu var tvímælalaust óskýlt að svara útsvari til kaupstaðarins af leigugjaldi þessu. Og með því að útsvarið var í heild sinni lagt bæði á það og fiskkaupin, þá verður án þess að rannsaka þurfi útsvarsskyldu félagsins vegna fiskkaupanna, þegar af þessari ástæðu að telja útsvarið ólöglega á lagt, og verður því með þessum athugasemdum að staðfesta hinn áfrýjaða fógetaréttarúrskurð.

Eftir þessum málsúrslitum þykir rétt að dæma áfrýjanda til að greiða stefnda málskostnað fyrir hæstarétti, og þykir málskostnaðurinn hæfilega metinn 250 krónur.

Því dæmist rétt vera:

Hinn áfrýjaði fógetaréttarúrskurður á að vera óraskaður. Áfrýjandi, bæjarstjórn Siglufjarðarkaupstaðar f. h. bæjarsjóðs, greiði stefnda, hlutafélaginu Kveldúlfur 250 krónur í málskostnað fyrir hæstarétti að viðlagðri aðför að lögum.

Forsendur hins áfrýjaða úrskurðar hljóða svo:

Við aðalniðurlögun útsvara í Siglufjarðarkaupstað 1933 var h/f. Kveldúlfi hér í bæ gert að greiða í útsvar til Siglufjarðarkaupstaðar kr. 5000.00. Upphæð þessa hefir h/f. Kveldúlfur ekki viljað greiða vegna þess, að hann taldi sig ekki útsvarsskyldan þar.

Hefir því Siglufjarðarkaupstaður krafizt lögtaks fyrir útsvarsupphæðinni ásamt dráttarvöxtum og kostnaði, en með því að gerðarþoli hefir mótmælt framgangi hinnar umbeðnu gerðar lögðu aðilar atriðið undir úrskurð fógetaréttarins hér.

Gerðarbeiðandi byggir réttmæti útsvarsálagningar þessarar á því, að gerðarþoli hafi keypt árin 1932 og 1933 allmikið af fiski á Siglufirði. Telur hann að gerðarþoli hafi greitt á Siglufirði útflutningsgjald af fiski árið 1932 af samtals 562.572 kg. en árið 1933 af samtals 548.964 kg. Auk þess fullyrðir gerðarbeiðandi að gerðarþoli hafi haft árin 1932 og 1933 fastlaunaðan starfsmann á Siglufirði til þess að annast að öllu leyti fiskkaupin, útflutning fiskjarins og greiðslu andvirðisins. Telur hann að starfsmaður þessi muni hafa haft í laun hvort árið fyrir sig 2500—3000 krónur, en þó muni laun hans að nokkru leyti hafa farið eftir fiskmagni því, er hann keypti. Loks fullyrðir hann að gerðarþoli hafi átt á Siglufirði fasteign, sem hafi gefið honum mikinn arð og jafnframt starfrækt hana við atvinnurekstur hans þar.

Telur hann að með þessu hafi gerðarþoli rekið umfangsmikla saltfiskverzlun á Siglufirði árin 1932 og 1933, sem hafi gert hann útsvarsskyldan þar.

Gerðarþoli hefir viðurkennt það, að hann hafi keypt það fiskmagn á Siglufirði, sem gerðarbeiðandi heldur fram. Hinsvegar fullyrðir hann að engin verkun á fiskinum hafi farið fram þar, hann hafi aðeins verið lagður þar á land, en síðan fluttur í burtu aftur mestmegnis til Hjalteyrar til verkunar þar. Kveður hann það rétt, að hann hafi haft umboðsmann á Siglufirði, sem hafi séð um framkvæmdina, en kaupunum hafi algerlega verið stjórnað úr Reykjavík og andvirðið verið greitt héðan í gegnum sparisjóðinn á Siglufirði. Fullyrðir hann að atvinnurekstur þessi hafi á engan hátt verið bundinn við fasteign sína á Siglufirði, enda hafi sildarstöð þessi ekkert verið notuð allt árið 1932 annað en það, að hann hafi leigt hana um sildveiðitímann fyrir kr. 12000.00 en frá áramótum 1932—1933 hafi hann selt Ingvari Guðjónssyni, útgerðarmanni, stöðina og hafi hann haft allan arð hennar og umráð frá ársbyrjun 1933. Af greindum ástæðum fullyrðir gerðarþoli að hann hafi ekki verið útsvarsskyldur á Siglufirði þetta umrædda ár.

Af því sem fyrir liggur í málinu verður að telja upplýst að gerðarþoli árin 1932—1933 hafi haft að meira eða minna leyti fastan starfsmann eða umboðsmann á Siglufirði með að einhverju leyti föstum launum og hefir hann séð um fiskkaup gerðarþola þar, sem upplýst er um að hafi verið 562.572 kg. árið 1932 og 548.964 kg. 1933. Svo er það og upplýst að hann hafi átt fasteign á Siglufirði, en hinsvegar er ósannað að hann hafi notað hana nokkuð við fiskkaup sín þar, en hinsvegar er það upplýst að stöðin hefir verið leigð út fyrir 12000 krónur árið 1932.

Af skjölum málsins er sjáanlegt, sérstaklega af réttarskjali nr. 8, að hér umrætt útsvar er lagt á sameiginlega fiskkaupin og leigutekjur af stöðinni án þess þó að nokkurt samband sé sjáanlegt þar á milli.

Rétturinn lítur svo á, að leigutekjur gerðarþola af stöðinni á Siglufirði séu alls ekki útsvarsskyldar eftir því sem fram er komið í málinu.

Þá verður og að telja að fiskkaup gerðarþola á Siglufirði, þótt þau hafi verið nokkur, hafi ekki getað skapað honum útsvarsskyldu þar. Hér er aðeins um að ræða lítinn þátt í starfsemi hans, fiskur sá, sem keyptur var af skipum, er komu á höfnina, fluttur í land og jafnótt að því

er virðist fluttur burt aftur, mestmegnis til verkunar á öðrum stað, starfsemin yfirleitt takmörkuð og ekki bundin við neina fasteign. En af þeim ástæðum, sem hér eru taldar verður starfsemi þessi ekki álitin heimilisföst atvinnustofnun í merkingu 8. gr. a-lið útsvarslaganna.

Af framangreindum ástæðum verður að neita um framgang hinnar umbeðnu gerðar.

Föstudaginn 20. dez. 1935.

Nr. 38/1935. **Jens Hólmgeirsson**

(Stefán Jóh. Stefánsson)

gegn

**Hreppsnefnd Eyrarhrepps, Hálfadáni
Hálfdánarsyni, Eggert Halldórssyni
og Einari Steindórssyni** (Enginn).

Krafa áfrýjanda um að nöfn tveggja manna yrðu tekin út af kjörskrá ekki tekin til greina vegna aðildarskorts.

Dómur gestaréttar Ísafjarðarsýslu 23. júní 1934: Stefndi í aðalmálinu, hreppsnefnd Eyrarhrepps, skal vera sýkn af kröfum stefnandans, Jens Hólmgeirssonar, um það, að hún verði með dómi skylduð til að taka nöfn Eggerts Halldórssonar og Hálfdás Hálfdánssonar út af kjörskrá til alþingiskosninga.

Stefnandi aðalmálsins greiði málskostnað hreppsnefnd Eyrarhrepps, Eggert Halldórssyni, Einari Steindórssyni og Hálfadáni Hálfdánssyni með kr. 35.00 til hvers þeirra.

Dóminum ber hvað málskostnaðinn snertir að fullnægja innan þriggja sólarhringa frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur hestaréttar.

Máli þessu hefir áfrýjandi skotið til hestaréttar með stefnu, útgefinni 16. apríl þ. á., að fengnu áfrýjunarleyfi, dags. 6. s. m. og gjafsókn, dags. s. d., og